



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Menningardagar—TÓNLIST

Meðal efni í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Könnun um líðan haust og vor
- Grunnskólahátíð
- Spurningakeppni
- Upplestur Passíusálma á rás 1
- Könnun um líðan—hvað svo?
- Menningardagar

Undirbúningur undir menningarhátíð Áslandsskóla 2011 er nú í fullum gangi.

Þema daganna verður **Tónlist** og munu árgangar og bekkir útfæra verkefni sín tengt því þema í ár.

Menningarvikan sjálf er dagana 14.—18. mars en hátíðin sjálf **fimmtudaginn 17. mars**. Þann dag verður opið hús í skólanum, atriði á sal, okkar heimsfræga kaffihús fyrir gesti og gangandi og gargandi gleði út um allan skóla.

Stundaskrá nemenda í öllum árgöngum verður frá 8.10-13.20 mánudag, þriðjudag og miðvikudag í þemavikunni. Munið að taka fimmtudaginn 17. mars sérstaklega frá til að líta við í Áslandsskóla.

Upplestur Passíusálma á rás 1

Mánudaginn 21. febrúar hófst lestur Passíusálmanna í Ríkisútvarpinu á rás eitt. Þetta er árlegur viðburður en í fyrsta sinn eru það ungmenni sem sjá um lesturinn eða nánar tiltekið 25 verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni. Þessi ungmenni lásu sálmana í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa vorið 2010 og í kjölfarið óskaði Ríkisútvarpið eftir því að taka lesturinn upp og var því vel tekið og nú hljóma raddir þessara ungu listamanna á öldum ljósvakans.

Í hópi upplesara eru tveir fyrrum nemendur Áslandsskóla, þau Ásta Margrét Eiríksdóttir og Pétur Már Gíslason.

Slóðin á upplestur þessara glæsilegu fulltrúa er:
<http://dagskra.ruv.is/nanar/9892/>



GÓÐI segir:



Mér líður vel í Áslandsskóla og finnst skemmtilegt bæði í kennslustund og frímínútum

Könnun um líðan—hvað svo?

Í þessu tölublaði Flórgoðans eru birtar helstu niðurstöður úr könnun um líðan. Stoðþjónusta skólans hefur farið yfir niðurstöður og lesið úr þeim. Á miðopnu er hægt að bera saman niðurstöður úr könnun nú og frá í haust..

Könnunin gefur yfirleitt góða mynd og gefur ákveðnar vísbendingar sem unnið er úr. Þegar hefur markviss vinna farið í gang í þeim tilvikum sem úrbóta er þörf.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is
FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.

Könnun um líðan—helstu niðurstöður feb 2011

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

- 96% nemenda líður vel í frímínútum
- 99% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
- 87% nemenda líður vel og 13% allt í lagi í íþróttum
- 97% nemenda líður vel eða allt í lagi í sundi
- 61% nemenda líður vel í búningsskema íþróttar, 29% allt í lagi, 10% illa
- 77% líður vel búningsskema í sundi, 19% allt í lagi og 4% illa
- 69% líður vel í heilsdagsskóla, 22% allt í lagi og 9% illa



Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

- 82% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 17% stundum
- 44% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 44% finnst oft gaman, 13% finnst stundum gaman í frímínútum
- 82% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 16% stundum
- 76% segja nemendur aldrei eða stundum trufla í kennslustund, 20% oft
- 72% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 20% oft
- 77% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 18% oft
- 79% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 83% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 14% oft
- 73% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 15% stundum,
- 73% myndu alltaf eða oft reyna að stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu, 22% stundum



Hvar fer stríðni fram?

- 46% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 63% segja stríðni aldrei fara fram í búningsskema í sundi, 30% stundum
- 52% segja stríðni aldrei fara fram í búningsskema í íþróttum, 36% stundum
- Stríðni á netsíðum er svipuð og áður á þessu aldursbili



Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

- 73% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 21% stundum
- 40% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 48% finnst oft gaman
- 53% líður alltaf vel í bekknum sínum, 35% oft, 10% stundum
- 52% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 45% stundum
- 89% segja umsjónarkennarann sinn alltaf eða oft sanngjarnan við sig
- 82% segja kennara almennt alltaf eða oft sanngjarnan við nemendur
- 72% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 63% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 30% oft
- 94% segjast aldrei kvíða því að fara í frímínútur,
- 53% myndu alltaf eða oft reyna að stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

- 33% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 78% segja stríðni aldrei fara fram í búningsskema í sundi, 19% stundum
- 73% segja stríðni aldrei fara fram í búningsskema í íþróttum, 24% stundum
- Stríðni á netsíðum er enn mikil á þessu aldursbili



Könnun um líðan—helstu niðurstöður okt 2010

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

96% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum
96% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
72% nemenda líður vel og 25% allt í lagi í íþróttum
95% nemenda líður vel eða allt í lagi í sundi
65% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttu, 19% allt í lagi, 16% illa
73% líður vel búningsklefa í sundi, 21% allt í lagi og 6% illa

Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

82% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 17% stundum
61% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 23% finnst oft gaman, 14% finnst stundum gaman í frímínútum
25% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 63% stundum
87% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 10% stundum
88% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 10% oft
71% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 21% oft
86% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
76% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 16% oft
77% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 16% stundum,
86% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?


41% segja alltaf eða oft í frímínútum
67% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 24% stundum
57% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 29% stundum
Stríðni á netsíðum hefur minnkað á þessu aldursbili

Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

73% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 22% stundum
45% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 45% finnst oft gaman
51% líður alltaf vel í bekknum sínum, 39% oft, 9% stundum
52% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 44% stundum
56% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 32% oft
71% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 24% oft
75% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
69% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum
95% segjast aldrei kvíða því að fara í frímínútur,
53% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu, 37% stundum

Hvar fer stríðni fram?

33% segja alltaf eða oft í frímínútum
77% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 18% stundum
77% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 19% stundum
Stríðni á netsíðum er enn mikil á þessu aldursbili




Spurningakeppni

Spurningakeppni Hafnarfjarðar Veistu svarið er nú í fullum gangi og taka allir grunnskólar Hafnarfjarðar þátt ásamt Álftanesskóla.

Liðið okkar í ár skartaði flottum og duglegum strákum úr 10. bekk. Það voru þeir Snorri Steinn Stefánsson Thors, Halldór Ingi Jónasson, Þorgeir Björnsson og þjálfari liðsins var Árni Stefán Guðjónsson.

Áslandsskóli keppti á móti Víðistaðaskóla og var keppnin haldin þann 7. febrúar í Víðistaðaskóla þar sem heimamenn fóru með sigur af hólmi í æsispennandi keppni.



Grunnskólahátíð

Grunnskólahátíðin var haldin þann 16. febrúar í íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hátíðin byrjaði á leiksýningum í Bæjarbíó og sýndi leiklistahópur Áslandsskóla Litlu Hryllingsbúðina undir leikstjórn Díönu Ívarsdóttur. Leiksýningin heppnaðist mjög vel og eiga þau hrós skilið fyrir vinnu sína.

Síðan var haldið á ball í íþróttahúsi Strandgötu og er það stærsta ballið sem haldið er fyrir unglingana hérna í Hafnarfirði ár hvert. Um 840 krakkar mættu á ballið og gekk það mjög vel. Nína Friðriksdóttir í 10. bekk Áslandsskóla var kynnr á ballinu ásamt tveimur drengjum úr öðrum skólum og stóð hún sig með mikilli þryði. Skemmtiatriðin voru ekki af verri endanum en fram komu 1. og 2. sætið í söngkeppni Hafnarfjarðar, Dj Haffi, Akademían og Friðrik Dór ásamt félögum.

Nemendur Áslandsskóla skemmtu sér mjög vel og voru okkur til sóma.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri